

Það byrjar allt í eldhúsinu...

Leiðbeiningar fyrir lífræna söfnun á Dalvík





Taktu þátt í lífrænni söfnun?

Nú er að hefjast lífræn söfnunin frá heimilum í bænum og er mikilvægt að gera sér góða grein fyrir hvað má fara í nýja innra ílátid frá Promens sem íbúar hafa fengið til afnota.

Allur lífrænn eldhúsúrgangur má fara í þessa söfnun svo sem:

- Ávextir og ávaxtahýði
- grænmeti og grænmetishýði
- egg og eggjaskurn
- kjöt- og fiskafgangar ásamt beinum
- mjöl, hrísgrjón og pasta
- gömul brauð og kökur
- kaffikorgur, kaffipokar, teblöð og tepokar
- mjólkurvörur og grautar
- pottaplöntur og afskorin blóm
- kámaðar servíettur/eldhúsúllur

Þessi upptalning er ekki endanleg en gefur góða hugmynd um hvað er að ræða. Við viljum einnig benda á að það er æskilegt að skola frekar niður í vaskinn ýmsum mjög blautum matarleifum til dæmis súpum og þunnum mjólkurvörufgöngum því það auðveldar hreinlæti við söfnunina.



Lífrænn og umhverfisvænn poki

Til að fyllsta hreinlætis sé gætt er mjög áriðandi að allur lífræni úrgangurinn fari í sérstaka lífræna poka og bundið sé fyrir þá áður en þeir eru settir út í innra ílátid sem ætlað er fyrir lífræna úrganginn. Þessir pokar eru umhverfisvænir og brotna niður í jarðgerðarferlinu ásamt innihaldinu. Lítil handhæg karfa fyrir pokana fylgir til nota við söfnunina í eldhúsinu.



Það sem ekki má fara í lífrænu söfnunina er:

- Málmhlutir
- Plast
- Bleiur
- Sandur fyrir hunda og ketti
- Fataefni og sterkar þurrkur svo sem Tork

Mikilvægt er að söfnunin takist vel en með því næst bæði umhverfislegur og fjárhagslegur ávinningur.



Skáparekkar fyrir lífræna flokkun!



Gámaþjónusta Norðurlands býður viðskiptavinum ódýra og þægilega skáparekka fyrir flokkun. Ýmsar gerðir, tveggja eða þriggja íláta.

Lífrænir pokar frá BioBag fyrirbyggjandi í mörgum stærðum.

Nánari upplýsingar í síma 414 0200.



DALVÍKURBYGGÐ

Umhverfis - og tæknisvið • Ráðhúsi • 620 Dalvík
Sími: 460 4900 • Fax: 460 4901
dalvik@dalvik.is • www.dalvik.is



GÁMAÞJÓNUSTA
NORÐURLANDS EHF.

BÆTT UMHVÆRFI - BÆTRI FRAMTÍÐ

Fjölnisgötu 4a • 603 Akureyri
Sími: 414 0200 • nordurland@gamar.is
www.gamar.is